Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 87/2018, um rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur (nikótínvörur)

Mál nr. 12/2022

Heilbrigðisráðuneytið – Lýðheila og stjórnsýsla velferðarmála

Umsögn Krabbameinsfélags höfuðborgarsvæðisins

Krabbameinsfélag höfuðborgarsvæðisins fagnar framkomnu frumvarpi sem setur nauðsynlegar og mjög tímabærar lagareglur um nikótínpúða. Félagið fagnar líka þeim breytingum sem gerðar hafa verið á frumvarpinu.

Eina athugasemdin sem félagið gerir enn og aftur er að hefðum viljað sjá að lög um rafsígarettur og nikótínvörur (þær vörur sem falla ekki undir lyfjalög) hefðu verið færð undir tóbaksvarnarlög; Allar nikótínvörur sem ekki eru skilgreindar sem lyf ættu að falla undir tóbaksvarnarlög.

Krabbameinsfélag höfuðborgarsvæðisins gerir ekki frekari athugasemdir en áður hafa komið fram og treystir á að það verði samþykkt sem allra fyrst.

Krabbameinsfélag höfuðborgarsvæðisins hefur alla tíð barist fyrir takmörkunum á tóbaksneyslu til að koma í veg fyrir margvíslegt heilsutjón af völdum hennar. Tóbaksvarningur (reyktóbak, reyklaust tóbak, rafrettur og aðrar nikótínvörur) er mjög ávanabindandi og rannsóknir benda til þess að fikt með slíkar vörur þróist oft út í daglega notkun, ekki síst meðal unga fólksins.

Virðingarfyllst,

Árni Einarsson
formaður
Krabbameinsfélags höfuðborgarsvæðisins

Guðlaug B. Guðjónsdóttir
framkvæmdastjóri
Krabbameinsfélags höfuðborgarsvæðisins